

Úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins

Kynningarfundur á Grand Hótel
3. febrúar 2012

Meginniðurstöður

Hrafn Bragason – formaður
úttektarnefndar LL

Umboð og afmörkun

- Stjórnarsamþykkt LL frá júní 2010
- Skipun ríkissáttasemjara
- Úttekt á 32 lífeyrissjóðum
- Viðtöl tekin við yfir 100 manns
- Gagna aflað frá sjóðunum og víðar
- Starfsemi árána 2005-2009

Nánari afmörkun

- Skýrslan reist á lögum og reglum um íslenska lífeyrissjóði
- Heimild til fjárfestinga byggir á 36. gr. lífeyrissjóðalaganna (129/1997)
- Sjóðstjóra ber að halda sig innan heimilda með eðlilegum varúðarsjónarmiðum
- Allar óvenjulegar fjárfestingar fari fyrir stjórn til umræðu, áhættumats og ákvörðunar
- Úttektin gerð fyrir sjóðfélaga og út frá hagsmunum þeirra

Lærdómar

- Hvað mátti betur fara?
- Allir aðilar skoði sinn hluta ábyrgðarinnar
- Fórnarlömb aðstæðna.... en stjórnir sumra sjóða óþægilega meðvirkar
- Úttektin verði til að bæta lífeyrissjóðakerfið
- Ákvarðanir verði teknar á skipulagðan og traustan máta

Skýrslan skiptist í 4 bindi

- Almennur hluti - 1. bindi
 - Starfsemi og fjárfestingar lífeyrissjóðanna
 - Almennar ályktanir nefndarinnar
- Umfjöllun um hvern lífeyrissjóð - 2.-4. bindi
 - Starfsemi og fjárfestingar á árunum 2006-2009
 - Ályktanir nefndarinnar um viðkomandi sjóð

Lífeyrissjóðirnir ólíkir innbyrðis

- Lífeyrissjóðirnir 32 mjög ólíkir hvað varðar sögu, uppbyggingu, stærð og stjórn
 - Opnberir sjóðir / Vinnumarkaðssjóðir / Frjálsir sjóðir
 - Opnir / lokaðir
- Misjöfn afkoma í kjölfar bankahrunsins
- Mikilvægt félagslegt hlutverk og samspil við almannatryggingar – málaflókkurinn á betur heima í velferðarráðuneyti en fjármálaráðuneyti

Almennar ályktanir nefndarinnar

- Endurskoða þarf lífeyrissjóðalögin (og kerfið) í heild
 - Fjárfestingarheimildir óskýrar og ófullkomin ákvæði um áhættu
- Endurskoðun á tryggingafræðilegu mati til að tryggja meiri stöðugleika í lífeyrisréttindum
 - Lágmarka þarf áhrif sveiflna á markaði á afkomu lífeyrisþega/sjóðfélaga
- Endurskoða þarf hlutverk og eftirlitsskyldu endurskoðenda lífeyrissjóðanna
 - FME skipi ytri endurskoðendur

Almennar ályktanir nefndarinnar

- Veikburða eftirlit FME en hefur verið eflt
 - Birta þarf úrskurði FME opinberlega
- Mati á gæðum fjárfestinga, áhættuþáttum og eftirliti með þeim víða ábótavant
 - Skjalfesta þarf eftirlitsferla og áhættumat
- Óvarlega farið með gjaldmiðlavarðir
 - Umdeilt hvort auka átti varðir eftir mitt ár 2007
 - Uppgjörsákvæði vantaði í samninga
 - Ítarlegri ákvæði um gjaldmiðlavarðir verði sett í lög og sjóðirnir endurskoði stefnu sína

Almennar ályktanir nefndarinnar

- Veikir skilmálar í skuldabréfum fyrirtækja sem sjóðirnir keyptu
 - Sjóðirnir varnarlausir gagnvart eignaflutningi úr félögum
 - Sjóðirnir leiti sameiginlega leiða til að bregðast við
- Of mikið fjárfest í tengdum fyrirtækjum
- Óvarlega fjárfest í óhefðbundnum fjármálagerningum, ss. vafningum og skuldabréfastrúktúrum

Almennar ályktanir nefndarinnar

- Tap var almennt minnst í sjóðum sem höfðu:
 - Stöðuga fjárfestingarstefnu
 - Dreift eignasafn
 - Fjárfestu í hefðbundnum verðbréfum
 - Takmarkaða hlutabréfaeign - einkum eftir 2007-8

Stjórn og starfshættir

Guðmundur Heiðar Frímansson

Fulltrúar eigenda í stjórn

- Eðlilegt er að sjóðfélagar lífeyrissjóðanna eigi fulltrúa í stjórn
- Úttektarnefndin leggur til að allir lífeyrissjóðir móti sér þá stefnu að einn eða fleiri stjórnarmenn séu kosnir beinni kosningu á ársfundum sjóðanna

Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða meiriháttar

- Skilningur á markalínunni á milli stjórnar og framkvæmdastjóra/starfsmanna er óskýr. Fáir lífeyrissjóðir hafa sett sér viðmiðanir í þessu efni
- Úttektarnefndin telur að mikilvægt sé að skýrar línur séu í þessu efni sem taki á umfangi og ólíkum tegundum fjárfestinga sem starfsmönnum er heimilt að sinna án atbeina stjórnar

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti

- Skv. lögum ber stjórnnum lífeyrissjóða að setja stjórn sjóðs og starfsmönnum verklagsreglur um verðbréfavíðskipti. Þessum reglum hefur ekki alltaf verið framfylgt og í sumum tilvikum hafa stjórnarmenn verið undanþegnir þeim
- Úttektarnefndin telur að allir sjóðir eigi að skipa regluvörð og stjórnir og starfsmenn eigi að upplýsa um alla verðbréfaeign sína og öll víðskipti með verðbréf

Ábyrgar fjárfestingar

- Nokkrir sjóðir hafa tekið upp leiðbeinandi reglur á borð við þær sem koma frá SP um ábyrgar fjárfestingar og fjalla um stjórnarhætti fyrirtækja, umhverfisþætti og félagslega þætti. Slíkar reglur eru líklegar til að stuðla að langtímahagnaði.
- Úttektarnefndin telur að lífeyrissjóðir eigi í auknum mæli að horfa til slíkra sjónarmiða og leggur til að byrjað verði á kynjajafnrétti og launajöfnuði í fyrirtækjum.

Samskipta- og siðareglur

- Flestir lífeyrissjóðir hafa sett sér samskipta- og siðareglur þar sem tekið er á tengslum við sjóðinn sjálfan, samskiptum við sjóðfélaga og viðskiptaaðila á markaði þ. á m. boðsferðum og gjöfum. Fáir lífeyrissjóðir höfðu sett sér slíkar reglur fyrir 2008.
- Úttektarnefndin bendir á að samþykkt slíkra reglna er einungis fyrsta skrefið, það þarf að halda þeim við reglulega. Það er ekki sjálfsagt að framkvæmdastjóri eða stjórn skeri úr um brot á slíkum reglum.

Tap lífeyrissjóðanna

Héðinn Eyjólfsson

Upplýsingaöflun

- Óskað eftir fundargerðum lánanefnda/
fjárfestingarráða sjóðanna frá 2006-2009
- Flestir sjóðir svöruðu ekki þessari beiðni
 - Skýrist m.a. af því að formlegar lánanefndir/
fjárfestingarrád voru ekki starfandi
- Þá var óskað eftir þeim gögnum sem máli skiptu við kaup og sölu verðbréfa á tímabilinu
- Jafnframt óskað eftir verk- og vinnuferlum um kaup og sölu verðbréfa

Algeng svör sjóða

- Formleg lánanefnd / fjárfestingarrád ekki til.
Grundvöllur fjárfestinga sjóðsins:
 - Lög og reglugerðir
 - Samþykktir sjóðsins
 - Fjárfestingarstefna sjóðsins
 - Reglur í gildi um fjárfestingarheimildir framkvæmdastjóra og forstöðumanns eignastýringar
 - Meiriháttar ákvarðanir bornar undir stjórn
- Gegnumgangandi:
 - Formleg lánanefnd / fjárfestingarrád ekki starfandi
 - Ef lánanefndir voru til – þá yfirleitt ekki rituð fundargerð
 - Skortur á vinnu- og verkferlum
 - Gögn send nefndinni – yfirleitt kynningarefni bankanna

Umfjöllun um tap sjóðanna

- Ekki fjallað um eignasöfn sjóðanna sem skilað hafa jafnri og góðri ávóxtun í gegnum árin:
 - Verðbréf með ríkisábyrgð
 - Skuldabréf sveitarfélaga
 - Innlán í bönkum og sparisjóðum
 - Lán til sjóðfélaga
- Reiknað tap sjóðanna – ýmist átt við:
 - Beinar afskriftir og /eða niðurfærslur verðbréfa
 - Gengislækkun hlutabréfa
 - Gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða
 - Afskriftir/niðurfærslur erlendra verðbréfa

Gjaldmiðlavararnir

- Útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningar við bankana
 - Miðað er við gengisvísitölu 175 stig
 - Tillit tekið til mögulegrar skuldajöfnunar sjóðanna við bankana
 - Miðað er við heildarstöðu samninga í árslok 2009
 - Bankarnir miða við uppgjörsgdag samninga auk dráttarvaxta
 - Lífeyrissjóðirnir og Landsbankinn hafa þegar náð samkomulagi

Heildartap lífeyrissjóðanna 2008-2010 í mkr.

	Samtals	%
Skuldabréf banka og sparisjóða	100.111	20,9
Skuldabréf fyrirtækja	90.317	18,8
Innlend hlutabréf	198.764	41,4
Innlendir hlutabréfasjóðir	21.770	4,5
Innlendir skuldabréfasjóðir	24.886	5,2
Innlend veðskuldabréf	619	0,1
Framtakssjóðir	421	0,1
Erlend verðbréf	6.395	1,3
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)	36.402	7,6
Samtals	479.685	100,0

Samanburður við þekktar stærðir

	Samtals mkr.	Fjöldi ára
Tap sjóðanna	479.685	
A-hluti fjárlaga - 2008 (útgjöld)	434.231	1,1
Verðmæti útfluttra sjávarafurða 2008	171.349	2,8

Afskriftir / niðurfærslur skuldabréfa í bönkum og fjármálafyrirtækjum 2008-2010 í mkr.

	Samtals	%
Glitnir banki hf.	26.870	26,8
Straumur Burðarás hf.	18.766	18,7
Kaupþing banki hf.	16.253	16,2
BYR sparisjóður	10.238	10,2
SPRON hf.	9.295	9,3
Landsbanki Íslands hf.	8.633	8,6
VBS Fjárfestingarbanki hf.	3.347	3,3
Sparisjóðurinn í Keflavík	2.847	2,8
Sparisjóðabanki Ísl. hf. /Icebank hf.	1.677	1,7
Sparisjóður Mýrasýslu	1.432	1,4
Sparisjóður Vestmannaeyja	217	0,2
Sparisjóður Hafnarfjarðar	227	0,2
Arion v/Sparisjóður Mýrasýslu	120	0,1
Sparisjóður Vestfirðinga	98	0,1
Önnur fjármálafyrirtæki	67	0,1
Samtals í mkr.	100.111	100,0

Afskriftir / niðurfærslur skuldabréfa í fyrirtækjum 2008-2010 í mkr.

	Samtals	%		Samtals	%
Exista hf.	14.045	15,6	Mosaic Fashions hf.	2.427	2,7
Landic Property hf.	12.220	13,5	N1 hf./Ollufélagið hf.	1.744	1,9
Bakkavör Group hf.	10.590	11,7	Sjóvá hf.	1.021	1,1
Samson ehf.	9.375	10,4	Burðarás hf.	1.026	1,1
Avion hf. /					
HF, Eimskipafél. Ísl. hf.	8.744	9,7	Skipti hf./Síminn hf.	908	1,0
Stoðir hf. / FL Group hf.	6.408	7,1	Íslensk afþreying hf.	527	0,6
Baugur Group hf.	4.818	5,3	Sýn ehf. / 365 hf.	469	0,5
Atorka hf. /					
Jarðboranir hf.	4.784	5,3	Latibær ehf.	382	0,4
Egla hf.	2.962	3,3	Eik fasteignafélag hf.	364	0,4
Teymi hf. / Kögur hf.	2.332	2,6	Brú Venture Capital	194	0,2
Milestone ehf.	2.179	2,4	Norðurturminn hf.	132	0,1
Nýsir hf.	2.175	2,4	Önnur félög	491	0,5
			Samtals mkr.	90.317	100,0

Áætlað tap sjóðanna af hlutabréfum 2008-2009

	mkr.	%
Kaupþing banki hf.	78.500	40
Bakkavör Group hf.	28.027	14
Exista hf.	22.558	11
Landsbanki Íslands hf.	21.779	11
Glitnir banki hf.	20.696	10
Straumur Burðarás hf.	6.813	4
Önnur félög	20.391	10
Samtals	198.764	100

Tengdir aðilar = Exista, Bakkavör, Kaupþing = 65%

Tengdir aðilar

- Fjallað er um tengda aðila í köflum 4.2.6 og 5.1.7
- Tengdir aðilar skv. lögum um fjármálafyrirtæki:
 - 20% eignarhald eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis
- Lífeyrissjóðir falla ekki undir ákvæði laga um fjármálafyrirtæki
 - Ákvæði um tengda aðila áttu ekki beint við um þá fyrir fall bankanna
- Sem fagfjárfestar og með tilliti til þess hvers eðlis eignir sjóðanna voru máttu þeir horfa til varúðarsjónarmiða laganna við fjárfestingar sínar

Baugur Group hf. og tengdir aðilar - tap í mkr.

	Skuldabréf	Hlutabréf	Samtals
Glitnir banki hf.	26.870	20.696	47.566
Baugur Group hf.	4.818		4.818
Eik fasteignafélag hf.	364		364
Fjarskipti hf. / Vodafone	32		32
Íslensk afþreying hf.	527		527
Kögun hf. / Teymi hf.	2.332		2.332
Landic Property hf.	12.220		12.220
Mosaic Fashions hf.	2.427		2.427
Stoðir hf. / FL Group hf.	6.408		6.408
Stoðir Invest ehf.	6		6
Styrkur Invest ehf./BG Capital ehf.	13		13
Sýn ehf. / 365 hf.	469		469
Samtals	56.486	20.696	77.182

Samtals tap sjóðanna í hluta- og skuldabréfum 389.192
Hlutdeild Baugs Group hf. og tengdra aðila 20%

Exista hf. og tengdir aðilar - tap í mkr.

	Skuldabréf	Hlutabréf	Samtals
Kaupþing banki hf.	16.253	78.500	94.753
Bakkavör Group hf.	10.590	28.027	38.617
Exista hf.	14.045	22.558	36.603
Lýsing	51		51
Skipti hf./Síminn hf.	908		908
Samtals	41.847	129.085	170.932

Samtals tap sjóðanna í hluta- og skuldabréfum 389.192
Hlutdeild Exista hf. og tengdra aðila 44%

Úttekt á fjárfestingarstefnu,
ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi
lífeyrissjóðanna í aðdraganda
bankahrunsins

Kynningarfundur á Grand Hótelu
3. febrúar 2012
